

Íslenska 8. bekkur – upplýsingar og atriðalisti

ATH! Nemendur ráða hvort þeir skila lotumöppunni á miðvikudeginum **2. nóv** eða á föstudeginum **4. nóv**.

Miðvikudaginn 2. nóvember. Lotupróf í kennslustund.

Nemendur verða að fara vel yfir lotuna, skoða glósurnar sínar og muna eftir glósunum sem eru á fremsta blaði lotunnar, þær eru mjög góðar. Nauðsynlegt er að hafa Málfinn og Skriffinn við hendina

Málfræði

- ✓ Þekkja einkenni lýsingarorða.
- ✓ Kunna að stigbreyta lýsingarorð í frumstigi (fst) miðstigi (mst)
- ✓ og efstastigi (est).
- ✓ Þekkja regluleg og óregluleg lýsingarorð. Lýsingarorð er reglulegt ef orðið breytist ekki í stigbreytingu Dæmi: Stór, stærri, stærstur. Vondur, verri, verstur.
Lýsingarorð er óreglulegt ef orðið breytist og verður annað orð í stigbreytingu. Dæmi: Góður, betri, bestur. Lítil, minni, minnstur.
- ✓ Þekkja einkenni nafnorða. Sérnöfn og samnöfn.
- ✓ Kyn nafnorða, kk/ hann, kvk/hún, hk /það.
- ✓ Kunna föll nafnorða, kunna aðalfall, nefnifall og aukaföll þolfall, þágufall og eignarfall, röð þeirra og skammstafanir.
- ✓ Kunna að sambeygja. Beygja saman nafnorð og lýsingarorð. Falleg kona.
- ✓ Þekkja muninn á hlutstæðum og óhlutstæðum orðum. Snertanleg / bók ósnertanleg/ ást, gleði.
- ✓ Kunna veika beygingu nafnorða, að útskýra og taka dæmi. Nafnorð með veika beygingu enda á sérhljóði í öllum föllum eintölu. Dæmi: Penni, penna, penna, penna.
- ✓ Kunna greinir. Laus greinir er : Hinn, hin, hið. Viðskeyttur greinir er greinir sem búið er að skeyta aftan við nafnorð. Dæmi: Maður –inn – kona-n og barn-ið.
- ✓ Þekkja töluorð. Þekkja frumtölur 1/ einn og raðtölur 1. fyrsti . Tugur er t.d. nafnorð en ekki töluorð. *Hann tugur-inn minn.*
- ✓ Kunna að þekkja eintöluorð og fleirtöluorð. Nota sögnina að vera og skipta um tölu. Dæmi: **Þau skærin eru** (Orðið skæri er þá fleirtöluorð) -- við getum ekki sagt **það skærið er.**
- ✓ Kunna veðurorðin.
- ✓ Kunna að greina texta í fallorð (F), sagnorð (S) og óbeygjanleg orð (Ó).

Stafsetning

- ✓ Minn og mín reglan. Jafnmörg **n** eru í greininum og orðinu sem passar með. Hattur **inn minn, dósinn mín.**
 - ✓ Steinsreglan.
 - ✓ Kvenmannsnöfn sem mynduð eru af orðinu Unnur.
 - ✓ Nafnorð mynduð af sögnum með viðskeytinu **un. Bölva – bölvun.**
 - ✓ Kvenkynsorðin, einkunn, forkunn, vorkunn, og miskunn, en þau á alltaf að skrifa með tveimur ennum.
 - ✓ Skoða reglurnar í glósunum fremst í lotunni og í Skriffinni.
-

Föstudaginn 4. nóvember: Íslenskupróf í kennslustund, prófað í lesskilningi og ritun.

- Lesskilningur. Nemendur fá ólesinn texta og svara spurningum úr honum.
- Ritun. Nemendur fá mynd og eiga að skrifa sögu um myndina. Nemendur geta æft sig heima í að skrifa stutta sögu með upphafi /inngangi, meginmáli / risi og endi/ niðurstaða.

Gangi ykkur vel, kveðja Jóhanna.